

Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
maí 2016



Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Hjallavegur 2, Hljómahöll, Reykjanesbær
sími 420-1400 Netfang: tonlistarskoli@reykjanesbaer.is
vefslóð: tonlistarskoli.reykjanesbaer.is
Skrifstofan er opin mán., þri., fim. og fös. frá kl. 13-17 og mið. frá kl. 9-13

Umsóknir fyrir næsta vetur

Föstudagurinn 13. maí n.k. er síðasti dagur fyrir núverandi nemendur til að skila inn umsóknum um áframhaldandi skólavist næsta skólaár. Þeir sem enn eiga eftir að skila inn umsókn, þurfa að passa sig á því að „sofa ekki á verðinum“ með það, því sá sem ekki skilar inn umsókn fyrir næstu helgi, getur ekki verið öruggur með plássið sitt næsta skólaár.

Lok skólaársins

Nú líður að lokum þessa skólaárs. Skólaflokkurinn hefur gengið vel í vetur og nú er prófum í hljóðfæraleik, söng og tónfræðagreinum um það bil að ljúka. Framundan eru vortónleikar kennara/deilda og vortónleikar hljómsveita og samspilshópa. Það eru því miklar annir hjá bæði nemendum og starfsfólki skólans þessa dagana. Það er afar mikilvægt að fara vel yfir það sem stendur hér í Tónvísir, sem og að fylgjast vel með á vefsíðunni okkar. Við viljum benda sérstaklega á að athuga vel staðsetningar vortónleikanna.

Vortónleikar kennara/deilda

Fjöldmargir vortónleikar verða haldnir á þessu vori eins og venjulega og stendur hver deild eða kennarar fyrir tónleikum með sínum nemendum. Kennarar tilkynna sjálfir til nemenda og/eða foreldra hvar og hvenær tónleikar verða. Yfirlit yfir alla vortónleika skólans er hér fyrir neðan og á vefsíðu skólans. Einnig er hægt að fá upplýsingar um tónleikahaldið á skrifstofunni.

Síðasti kennsludagur og skólaslit

Síðasti kennsludagur skólaársins er föstudagurinn 20. maí.

Skólaslit verða í Stapa, Hljómahöllinni, fimmtudaginn 26. maí kl. 18.00. Það hefur ávallt verið fjölmenni við skólaslit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og nú sem endranær eru allir velkomnir. Á skólaslitunum verða að venju afhent prófskírteini og aðrar einkunnir, Íslandsbanki mun veita nemanda hin árlegu „Hvatningarverðlaun“ bankans og falleg tónlist verður flutt. Athöfnin tekur u.þ.b eina klukkustund.

Síðustu vortónleikarnir

Rétt er að vekja athygli á því að vortónleikar Söngdeildar, Bjöllukóranna og Lúðrasveitanna verða eftir síðasta kennsludag. Sjá starfsáætlunin maímánaðar hér á baksíðu Tónvísis.

fimmtudagur 19. maí

í Bergi, Hljómahöll kl. 17:00

Barnakór Tónlistarskólans

Stjórnandi: Bylgja Dís Gunnarsdóttir

þriðjudagur 24. maí

í Bergi, Hljómahöll kl. 19:30

Bjöllukórar Tónlistarskólans

Stjórnandi: Karen J. Sturlaugsson

miðvikudagur 25. maí

í Stapa, Hljómahöll, kl. 18:00

Lúðrasveitir Tónlistarskólans

Stjórnendur: Harpa Jóhannsdóttir, Sandra Rún Jónsdóttir
og Þorvaldur Halldórsson

fimmtudagur 26. maí

í Stapa, Hljómahöll, kl. 18:00

Skólaslit

Tónlistarflutningur, Hvatningarverðlaun Íslandsbanka, afhending prófskírteina og vitnisburðarblaða vetrarins. Allir velkomnir.

Aðgangur á þessa viðburði er ókeypis og allir eru hjartanlega velkomnir.

Starfsáætlun í maí 2016

10. maí	þrið.	kl. 17:00	Vortónleikar nem. Guðríðar Evu ogínu Dóru í Bergi
11. maí	miðv.	kl. 17:00 kl. 18:15	Vortónleikar nem. Jónínu í Bergi Vortónleikar nem. Aleksöndru í Bergi
12. maí	fimm.	kl. 17:00	Vortónleikar nem. Hörpu og Vilhjálms í Stapa
13. maí	fös.	kl. 17:00	Vortónleikar nem. Þórunnar og Berglindar í Bergi
16. maí	mán.		2. í Hvítusunnu: FRÍDAGUR
17. maí	þrið.	kl. 17:30 kl. 18:00 kl. 18:30 kl. 19:00 kl. 19:30	Vortónleikar nem. Grétu í Bergi Vortónleikar Rytmískrardeildar í Stapa Vortónleikar nem. Kristínar og Björgvins í Bergi Vortónleikar Rytmískrardeildar í Stapa Vortónleikar nem. Germans í Bergi
18. maí	miðv.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00 kl. 20:00	Vortónleikar nem. Ragnheiðar í Bergi Vortónleikar nem. Steinars í Bergi Vortónleikar nem. Sigrúnar Gróu og Páls í Bergi Vortónleikar nem. Þorvaldar Más í Bergi
19. maí	fimm.	kl. 17:00 kl. 17:30 kl. 18:00 kl. 19:00	Vortónleikar Barnakórsins í Bergi Vortónleikar Díönu í st. 102 Vortónleikar nem. Geirþrúðar, Söndru Rúnar og Ragnheiðar Eirar í Bergi Vortónleikar nem. Geirþrúðar, Söndru Rúnar, Ragnheiðar Eirar og Jóns í Bergi
20. maí	fös.	kl. 16:30 kl. 18:00	Síðasti kennsludagur Vortónleikar nem. Unnar og Kristjáns Karls í Bergi Vortónleikar nem. Helgu Aðalheiðar í Bergi
23. maí	mán.	kl. 19:30	Vortónleikar nem. Söngdeildar í Bergi
24. maí	þrið.	kl. 19:30	Vortónleikar Bjöllumkórar TR í Bergi
25. maí	miðv.	kl. 18:00	Vortónleikar Lúðrasveitar TR í Stapa
26. maí	fimm.	kl. 18:00	Skólaslit í Stapa